



Formanna- og framkvæmdastjórafundur

27. nóvember 2021



Dagskrá

Fundurinn hefst kl. 11:00

Setning fundar

Mótamál, m.a. kynning á niðurstöðum starfshópa

Félagaskipti milli landa og uppeldisbætur

Reglugerðarbreytingar

Önnur mál



Setning fundar

Vanda Sigurgeirsdóttir

Formaður KSÍ



Formanna- og framkvæmdastjórafundur

Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag á
deildarkeppnum kvenna

Harpa Þorsteinsdóttir

Verkefnið

Starfshópnum var falið að skoða þau tækifæri sem eru til frampróunar á knattspyrnu í Pepsi Max deild kvenna, Lengjudeild kvenna og 2. deild kvenna með tilliti til deildarfyrirkomulags og/eða umspils.

Hópurinn

Starfshópurinn var skipaður eftirfarandi:

Harpa Þorsteinsdóttir, Þorsteinn H. Halldórsson, Linda H. Þórðardóttir, Ingibjörg A. Guðmundsdóttir, Ragnhildur Skúladóttir og Harpa Frímannsdóttir.

Með starfshópnum starfaði Ómar Smáráson, KSI.

Leiðir að markmiðum

Farið var yfir markmiðin í ljósi ávinnings og áskorana sem kunna að fylgja breytingum á deildarfyrirkomulagi í hverri deild fyrir sig.

Í grunninn var hópurinn samróma um að skynsamlegt væri að fara í færri breytingar en fleiri á þessum tímapunkti til þess að hægt sé að meta ávinning af breytingum á sem bestan hátt og að það myndi skila skýrari sýn á það hvort og hvaða breytingar séu skynsamlegastar með þessi markmið að leiðarljósi.

Útfærslur

12 liða deild - tvöföld umferð

Fleiri félög og fleiri leikmenn fá tækifæri til þess að leika í efstu deild og leikjum fjölgar í takt við fjölgun liða. Bilið á milli efstu og næstu liða gæti aukist og gæði leikja er líður á mótið eru í hættu.

Útfærslur

12 liða deild - tvöföld umferð + úrslitakeppni

Við þetta væri verið að gera tvöfalda breytingu sem fæli í sér að fjölga liðum og bæta við úrslitakeppni. Það er niðurstaða starfshópsins að það sé skynsamlegra að vera með tillögu sem felur í sér færri breytingar en fleiri og því var þessi leið ekki skoðuð frekar.

Útfærslur

8 liða deild - þreföld umferð

Með því að fækka um tvö lið og leika þrefalda umferð myndu fleiri leikir vera jafningjaleikir og fleiri spennandi leikir væru yfir keppnistímabilið. Færri lið og leikmenn myndu fá tækifæri til þess að spila meðal þeirra bestu og fjölgun leikja væri takmörkuð.

Útfærslur

10 liða deild – tvöföld umferð + úrslitakeppni

- Reynsla Finna skoðuð sérstaklega.
- 10 liða deild og úrslitakeppni þar sem spilaðir eru 18 leikir áður en deildinni er skipt og efri 6 liðin spila sín á milli og neðri liðin spila sín á milli.
- Með þessari útfærslu er verið að mæta þeim markmiðum sem starfshópnunum var gert að rýna með því að fjölga jafnari leikjum, lengja keppnistímabil og bæta gæði deildarinnar.

10 liða deild – tvöföld umferð + úrslitakeppni

Kostir:

- Fjölgun leikja
- Fleiri jafningjaleikir
- Aukin samkeppni í deildinni
- Meira markaðsgildi
- Tryggjum það að toppliðin spili fleiri leiki innbyrðis og þannig ráðist úrslit mótsins undir lokin.

10 liða deild – tvöföld umferð + úrslitakeppni

Áskoranir:

- Félög í úrslitakeppni fá ekki jafnt hlutfall heima og útileikja með einfaldri umferð.
- Meta þarf fjölda liða sem fara í úrslitakeppni um deildartitil.
- Meta þarf hvort tilefni er til að fara í breytingar á báðum deildum en það var mat starfshópsins að sambærileg keppni væri hentug báðum deildum.
- Finna leiðir sem ýta undir ávinning af því að enda í efsta sæti í neðri hluta úrslitakeppni.

2. deild kvenna

- 2. deild kvenna hefur þróast hratt á undanförunum árum. Breiddin er að aukast og fleiri lið sækja um þátttöku með hverju ári sem líður.
- Æskilegt væri að í 2. deild kvenna léku 10 lið og léku tvöfalda umferð – Samtals 18 leiki.
- Breytingar á 2.deild kvenna eru háð breytingum á 2.fl kvk.

2. deild kvenna

- Þorsteinn Halldórsson hefur unnið að tillögum út frá niðurstöðu starfshóps 2019-2020 á fyrirkomulagi á keppni í 3fl og 2fl kvenna.
- **1)** Færa keppni í 2.fl kv inn í deildarkeppni (raun leggja 2.fl niður), liðin sem hétu áður 2.fl væru U-lið eða lið 2 í mfl.
- **2)** Búa til U21 keppni, breikka aldursflokkinn og gera keppnina veigameiri.

Niðurstaða

Að teknu tilliti til þeirra markmiða sem starfshópnun voru sett út frá þingskjali 14, leggur hópurinn til að gerðar verði breytingar á efstu deild kvenna frá og með keppnistímabilinu 2023 og verði fyrirkomulagi deildarinnar með þeim hætti að leikinn verði tvöföld umferð (heima og heiman) í 10 liða deild. Að þeim hluta loknum verði mótinu skipt í efri hluta (6 lið) og neðri hluta (4 lið) og spiluð verði einföld umferð. Í úrslitakeppni munu 6 efri liðin leika um Íslandsmeistaratiðil og Evrópusæti. Keppni í neðri hluta yrði spiluð upp á að forða sér frá falli.

Niðurstaða

Þá leggur hópurinn til að fyrst verði farið í breytingar á efstu deild kvenna og árið 2024 verði skoðaðar sambærilegar breytingar á 1. deild kvenna þar sem hægt verður að hafa reynslu af breytingum á efstu deild til hliðsjónar.



Takk fyrir okkur

KSI

Umræður



Formanna- og framkvæmdastjórafundur

Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag
Lengjudeildar karla

Vignir Már Þormóðsson

Verkefnið

Verkefni hópsins var að rýna núverandi fyrirkomulag deildarinnar og jafnframt að kanna möguleika á útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi.

Markmið hópsins var að skoða þau tækifæri sem eru til framþróunar í deildinni.

Hópurinn

Stjórn KSÍ skipaði starfshópinn 24. maí.

Vignir Már Þormóðsson, formaður, Ásgrímur Helgi Einarsson, Baldur Már Bragason, Daníel Geir Moritz, Jón Steindór Sveinsson, Kolbeinn Kristinsson og Sölvi Snær Magnússon. Arnar Bill Gunnarsson var starfsmaður fyrir hönd KSÍ.

Verklag

- 4 fundir
- Óskað eftir ábendingum
- Samtöl við forráðamenn

Tillögur félaganna

Alls bárust 7 tillögur að keppnisfyrirkomulagi Lengjudeildar.

Meðlimir hópsins rýndu mest eftirfarandi þrjár tillögur;

- Fjölga liðum um tvö, þ.e. hafa 14 lið í deildinni og spila tvöfalda umferð.
- 12 liða deild sem skiptist síðan í efri og neðri hluta eftir 22 umferðir þ.e. sama fyrirkomulag og ráðgert er í efstu deild karla á næsta ári.
- 12 liða deild, tvöföld umferð. Efsta liðið fer beint í efstu deild en liðin í 2. – 5. sæti fara í umspil um eitt sæti í efstu deild.

Tillaga starfshópsins

12 liða deild, tvöföld umferð (umspil).

Efsta liðið fer beint í efstu deild og tvö neðstu liðin falla í aðra deild. Liðin í 2. – 5. sæti fara í umspil um eitt laust sæti í efstu deild.

Liðin í öðru sæti og fimmta sæti annars vegar og liðin í þriðja sæti og fjórða sæti hins vegar, spila heima og heiman og sigurvegararnir spila síðan stakan úrslitaleik á hlutlausum velli.

Helstu kostir keppnisfyrirkomulagsins

- Einföld framkvæmd þar sem fyrir eru 12 lið í deildinni.
- Einungis fimm auka leikir fyrir deildina, ætti að vera hægt að koma þeim fyrir í lok hefðbundins tímabils þó vissulega séu þar áskoranir eins og leikir í efstu deild karla sem og landsleikjahlé.
- Einfalt að breyta til baka í fyrra fyrirkomulag í lok tímabils ef vilji er fyrir því.

Helstu kostir keppnisfyrirkomulagsins, frh

- Býr til fleiri leiki þar sem mikið er í húfi.
 - Þar sem 5. sætið fer í umspil þá eru góðar líkur á að öll félög hafi að einhverju að keppa fram í lokaumferðir (umspil eða forðast fall).
 - Enn mikilvægara að enda í 1. sæti og sleppa þannig við umspilið.
 - Leikirnir í umspilinu ættu að draga að mikla athygli, sem skilar fleira fólki á völinn og meiri umfjöllun í fjölmiðlum. Lengjudeildin verður fyrir vikið betri söluvara.

Helstu gallar keppnisfyrirkomulagsins

- Einungis fjögur lið fá fleiri leiki
- Mögulega þyrfti að þétta mótið til að koma umspilinu fyrir fyrr sem myndi þá þýða aðeins styttra tímabil fyrir önnur lið.

Að lokum

Það er von starfshópsins að þessi skýrsla og þær viðræður sem hafa átt sér stað við félögin skapi umræðu um þróun mótsins og að breið sátt náist um næstu skref.



Takk fyrir okkur

KSI

Umræður



Formanna- og framkvæmdastjórafundur

Skýrsla starfshóps um neðri deildir karla

Björn Friðþjófsson

Verkefnið

Verkefni hópsins var að rýna núverandi fyrirkomulag á 2. deild karla, 3. deild karla og 4. deild karla. Jafnframt að kanna möguleika á útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmið hópsins var að skoða þau tækifæri sem eru til framþróunar í hverri deild fyrir sig. Einnig átti hópurinn að skoða mögulega nýja bikarkeppni félaga í neðri deildum karla.

Hópurinn

Stjórn KSÍ skipaði starfshópinn 24. maí. Björn Friðbjólfsson formaður, Gísli Aðalsteinsson, Guðjón Bjarni Hálfánarson, Marteinn Ægisson, Magnús Jónsson, Bjarni Ólafur Birkisson, Ingi Sigurðsson, Ómar Bragi Stefánsson. Með starfshópnum starfaði Birkir Sveinsson, sviðsstjóri innanlandssviðs KSÍ.

Verklag

- 5 fundir
- Óskað eftir ábendingum
- Samtöl við forráðamenn

Próun á þátttöku

Eins og sjá má á neðangreindri töflu þá hefur orðið mikil fjölgun liða undanfarin ár í meistaraflokki karla, eða um **60% á undanförunum 20 árum.**

Ár	Fjöldi liða Mfl ka.	Fjöldi liða Landsdeildir	Fjöldi liða Neðsta deild
2001	51	30 (3)	21
2006	58	30 (3)	28
2012	66	36 (3)	30
2017	79	46 (4)	33
2021	82	48 (4)	34

2. deild karla

- Engin innsend erindi frá félögum í 2. deild karla.
- Er það mat starfshópsins að ekki sé mikill þörf á að breyta keppnisfyrirkomulagi 2. deildar. Félögin m.a. ekki tilbúin að auka kostnaðinn sem hlýst af fjölgun leikja, t.d. ferðakostnaði og meiri kostnaði við reksturs leikmannahópsins.

2. deild karla - Niðurstaða

Niðurstaða starfshópsins er að rétt sé að halda óbreyttu keppnisfyrirkomulagi í 2. deild karla. Rétt sé hins vegar að taka málið upp aftur að 2-3 árum liðnum þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um þróun á keppnisfyrirkomulagi Pepsi Max deildar karla og Lengjudeildar karla. Jafnframt þarf að skoða hvort tækifæri séu til frekari tekjuöflunar í deildinni með sölu markaðsréttar sem myndi mögulega hjálpa til við frekari þróunar á deildinni.

3. deild karla

- Samkvæmt innsendum erindum og samtölum við forystumenn í 3. deild karla, er það mat starfshópsins að ekki sé mikil þörf á að breyta keppnisfyrirkomulagi 3. deildar karla. Félögin m.a. ekki tilbúin að auka kostnaðinn sem hlýst af fjölgun leikja, t.d. ferðakostnað ofl.
- Nokkuð margar ábendingar bárust að þáttum sem lúta að umgjörð leikja t.d. hvenær keppnisvöllur er laus til upphitunar, móttöku aðkomuliðs, ófullkomnir búningssklefar, leikið án boltakrakka ofl.

3. deild karla - Niðurstaða

Niðurstaða starfshópsins er að rétt sé að halda óbreyttu keppnisfyrirkomulagi í 3. deild karla. Jafnframt er það niðurstaða hópsins að nauðsynlegt sé að stjórn KSÍ taki föstum tókum þann þátt er lýtur að umgjörð leikja í 3. deild karla. Í því samhengi þarf að meta hvort breytinga sé þörf á regluverki sambandsins og hvort rétt sé að taka upp eftirlit á leikjum með sama hætti og er í 2. deild karla.

4. deild karla

- Flestar ábendingar til hópsins snéru að fyrirkomulagi á keppni í 4. deild.
- Samhljómur var meðal þeirra félaga sem skiluðu inn skriflegum athugasemdum til nefndarinnar, að nauðsynlegt væri að gera úrbætur á 4. deild karla til að auka gæði leikjanna og minnka þann getumun sem er innan deildarinnar.
- 34 lið tóku þátt í 4. deild karla 2021

4. deild karla - Niðurstaða

Niðurstaða starfshópsins er að nauðsynlegt sé að getuskipta keppni á neðsta getustiginu. Það er mat hópsins að það verði best gert með því að stofna nýja 4. deild með 10 liðum, nýja 5. deild með 16 liðum (tveir riðlar). Svo leiki önnur aðildarfélög KSÍ í Utandeild KSÍ. Þannig væri búið að festa Íslandsmót meistaraflokks karla við 74 félög og öðrum félögum gæfist kostur á að leika í Utandeild KSÍ. Starfshópurinn leggur því fram eftirfarandi tillögu:

4. deild karla - Tillaga

4. deild karla	10 lið Tvöföld umferð
5. deild karla	Tveir 8 liða riðlar + Úrslitakeppni 4 liða (tvö efstu í hvorum riðli) Neðsta liðið í hvorum riðli fellur í Utandeildina að ári.
Utandeild KSÍ	Leika þau félög sem ekki komast í Íslandsmót KSÍ. Keppnisfyrirkomulag ákveðið þegar þátttaka liggur fyrir. Tvö efstu lið Utandeildarinnar öðlast keppnisrétt í 5. deild karla

4. deild karla – Fjöldi leikja ofl.

- 2021 fóru fram 261 leikir í 4. deild karla.
- Í þessari tillögu eru 204 leikir samtals í 4. og 5. deild.
- Miðað við að KSÍ leggi einungis til einn dómara í Utandeildina en ekki aðstoðardómara, þá ætti þetta fyrirkomulag ekki að vera íþyngjandi fyrir dómaranefnd KSÍ við mönnun dómgæslunnar eða valda auknum kostnaði.
- Miðað við þátttöku liða 2021 má leiða líkum að því að 6 – 8 lið tækju þátt í utandeildinni til að byrja með.

Bikarkeppni neðri deilda karla

- Verið í umræðunni áður
- 2020 kom erindi frá 9 félögum til stjórnar KSÍ
- Í samtölum við félögin kom fram að mörg félög horfðu jákvæðum augum til þessa móts. Nokkur félög (einkum á landsbyggðinni) höfðu uppi efasemdir um að bæta við þessu móti og töldu þetta einungis auka á ferðakostnaðinn sem væri nægur fyrir.

Bikarkeppni neðri deilda karla - Áskoranir

- Leikdagar m.t.t. ferðalaga milli landshluta og árekstrar við lok mismunandi móta.
- Keppnisfyrirkomulag
- Dómarakostnaður og hvort til séu dómara í verkið.
- Reglugerð, hvort sé skiptur ferðakostnaður, agamál ofl.
- Sala markaðsréttar

Bikarkeppni neðri deilda karla - Niðurstaða

Það er mat starfshópsins að þetta mót gæti verið skemmtileg viðbót við okkar mótahald og að stefna eigi að því að leggja fram tillögur á næsta ársþingi um málið sem miði að því að hefja slíka keppni árið 2023. Næsta ár verði svo notað til að smíða regluverkið, selja markaðsréttindin og fjármagna mótið.

Til að fækka leikjum og jafnframt að huga að kostnaðarþætti mótsins, þá leggur starfshópurinn til að engin forkeppni verði í mótinu og að í 32-liða úrslit komist þau lið sem leika í 2. og 3. deild, liðin tvö sem féllu árið áður úr 3. deild ásamt liðum númer þrjú til átta í 4. deild árið áður.

Hópurinn sér fyrir sér að 32-liða úrslit verði um miðjan júní, 16-liða um miðjan júlí, 8-liða í byrjun ágúst. Undanúrslit og úrslitaleikur mótsins verði svo eftir að keppni er lokið í viðkomandi deildum.

Að lokum

Að lokum leggur starfshópurinn til að skipaður verði sérstakur vinnuhópur með fulltrúum liða úr 2. deild karla og neðri deildum, til samráðs við stjórn KSÍ um málefni neðri deilda. Formaður vinnuhópsins kæmi úr stjórn KSÍ. Þessi vinnuhópur yrði m.a. KSÍ til aðstoðar við breytingar á mótahaldi og markaðsmálum hlutaðeigandi móta.

Samantekt

Það er mat hópsins að ekki sé nauðsynlegt, né mikil eftirspurn meðal félaganna að gera breytingar á keppnisfyrirkomulagi í 2. og 3. deild karla. Leggur starfshópurinn því ekki fram tillögur þess efnis. Hins vegar er það mat hópsins að gera þurfi breytingar á keppni í 4. deild karla sem miði að því að minnka þann mikla getumun sem er á liðunum þar. Hópurinn leggur því til að stofnuð verði ný 4. deild með 10 liðum, ný 5. deild með 16 liðum (í tveimur riðlum) og önnur lið leiki í utandeild sem keppi um tvö laus sæti í Íslandsmótinu. Jafnframt er lagt til að setja í gang sérstaka bikarkeppni félaga í 2. deild karla og neðri deildum. Lagt er til að leikið verði eftir breyttu fyrirkomulagi 2023.



Takk fyrir okkur

KSI

Umræður



Formanna- og framkvæmdastjóráfundur

MÓTIN 2022

Birkir Sveinsson og Valgeir Sigurðsson

Fundir um skýrslur starfshópa stjórnar KSÍ

Miðvikudagurinn 1. des. kl 16:30 – Skýrsla um neðri deildir karla

Mánudagur 6. des. kl. 16:30 – Skýrsla um deildarkeppni kvenna

Þriðjudagur 7. des. kl. 16:30 – Skýrsla um Lengjudeild karla

Fundirnir opnir fyrir forráðamenn félaga í öllum deildum

Lengjubikarinn

- Stefnt er að því að birta niðurröðun leikja fyrir 10. desember.
- Gert er ráð fyrir að upphaf og endir Lengjubikarsins verði með sama hætti og undanfarin ár..... **Nema að í þetta sinn ætlum við að klára Lengjubikarinn.**

Mót sumarsins 2022

- Undirbúningur mótanna 2022 er nokkuð nálægt því sem gerist í venjulegu árferði.
- Félögin í landsdeildum fengu frest til 20. nóvember að skila inn sínum óskum. Í framhaldinu hefst nú niðurröðun leikja.
- Hefðbundin þáttökugögn verða send út um miðjan desember. Þáttökutilkynning þarf að berast í síðasta lagi **10. janúar.**

Leikdagar 2022

- Ísland á EM kvenna - Langt hlé í Pepsi Max deild kvenna.
- Landsleikjagluggar karla eru með öðrum hætti en venjulega.
- Nýju fyrirkomulagi á Pepsi Max deild karla ?

Nýtt fyrirkomulag á Pepsi Max deild karla?

- Fyrst hefðbundnar tvær umferðir – 22 leikir.
- Deildin heldur svo áfram tvískipt.
- 6 félög í efri hlutanum og 6 félög í neðri hlutanum.
- Leikin einföld umferð – 5 leikir.
- Félögin taka stigin með sér úr fyrri hluta mótsins.
- Lið nr. 1, 2 og 3 fá þrjá heimaleiki (lið nr. 7, 8 og 9 í neðri hluta).
- Sérstök töfluröð ræður því hvaða félög mætast í einstökum umferðum.

Dagatal leikja 2022 – fyrstu drög – Mótanefnd KSÍ 27. nóvember

Apríl				Maí				Júní				Júlí				Ágúst				Sept.				Okt.					
Pka	Pkv			Pka	Lka	2ka	Pkv	Lkv			Pka	Lka	2ka	Pkv	Lkv			Pka	Lka	2ka	Pkv	Lkv	Pka	Lka	2ka	Pkv	Lkv	Pka	Pkv
					3					1			7		1		11	9											
					3					2			7	5	2		11		10										
					MD 4			2		3					3		11												
					MD 4			2		4					4		11												
					ED			1		5					5		10												
										6					6														
										7					7														
										8					8														
										9					9														
										10					10														
										11					11														
										12					12														
										13					13														
										14					14														
										15					15														
										16					16														
										17					17														
										18					18														
										19					19														
										20					20														
										21					21														
										22					22														
										23					23														
										24					24														
										25					25														
										26					26														
										27					27														
										28					28														
										29					29														
										30					30														
										31					31														

- A landslið karla
- Pepsi Max deild karla
- Pepsi Max deild kvenna
- A landslið kvenna
- Lengjudeild karla
- Lengjudeild kvenna
- Mjólkurbíkarinn

3. flokkur karla og kvenna

Nýtt fyrirkomulag í keppni A-liða

- Verulegar breytingar verða á keppni A-liða í Íslandsmóti 3. flokks karla og kvenna á næsta ári.
- **Tilraun til eins árs.**
- Fyrirkomulag á keppni B-liða verður óbreytt.

- Keppni hefst í byrjun mars og lýkur í lok september.
- Leikið í 8-liða riðlum (getuskipt) – Vikið frá fjölda liða í riðli ef þurfa þykir, t.d. í neðstu riðlum.
- Leiknar eru þrjár lotur – samtals 21 leikur í mótinu.
 - a) Lota 1 - mars til maí
 - b) Lota 2 - maí til júlí
 - c) Lota 3 - ágúst til september

- Í hverri lotu er leikin einföld umferð skv. töfluröð KSÍ – Árangur liða ræður töfluröð. Í fyrstu lotu verður miðað við árangur 2021. Félög geta sótt um hækkun eða lækkun skv. reglugerð.
- Milli lota færast tvö lið upp og tvö lið niður.
- Óheimilt er að fresta leikjum aftur fyrir lokaleikdag í hverri lotu.
- Sigurvegari í A-riðli í þriðju lotu telst Íslandsmeistari.

Með þessu næst að fjölga leikjum og lengja keppnistímabilið, ásamt því að fjölga vonandi jafningjaleikjum.

Niðurröðun leikja í fyrstu lotu í keppni A-liða 3. flokks verður gefin út í síðasta lagi 15. febrúar.

Þann 1. mars verða drög að leikja í öðrum mótum yngriflokka gefin út.

Nýtt varðandi skráningar liða til keppni í B og C-liðum.

- a) Félag sem skráir eitt lið til keppni getur óskað eftir að það leiki sem B lið.
- b) Félag sem skráir tvö lið til keppni getur óskað eftir að lið 2 leiki sem C lið.

Önnur ákvæði óbreytt

Hlutgengisreglur milli ABC-liða eru óbreyttar

Heimilt áfram að skrá t.d. tvö A-lið í mótið



Takk fyrir okkur

KSI

Umræður



**Formanna- og
framkvæmdastjórafundur**

27. nóvember 2021



Formanna- og framkvæmdastjórafundur

Uppeldis- og samstöðubætur

Stefán Geir Þórisson

UPPELDIS- OG SAMSTÖÐUBÆTUR

FYRIRLESTUR FYRIR AÐILDARFÉLÖG KSÍ 27. NÓVEMBER 2021

Stefán Geir Þórisson hrl.

– stefan@forum.is

Hef verið með lögmannsréttindi í 30 ár og stundað lögmennsku í 28 ár.

Hef setið stjórnnum tveggja íþróttafélaga í samtals 18 ár.

Sat í stjórn KSÍ frá 2007 – 2009.

Sat í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ í tæp 10 ár.

Dómari við Alþjóða íþróttadómstólinn frá 2017.

Hef tekið að mér innheimtu samstöðubóta fyrir fjölda íslenskra knattspyrnufélaga. M.a. Innheimt bætur hjá félögum í Svíþjóð, Belgíu, Spáni, Frakklandi, Tyrklandi, Grikklandi, Rússlandi og Kína.

Fyrirvari: oft stiklað á stóru vegna tímalengdar fyrirlesturs – oft ekki hægt að fara í undantekningar og smáatriði.

Uppeldisbætur og samstöðubætur.

- Hvað er rétt að varast og að hverju þarf að gæta

Mun fyrst og fremst fjalla um:

- Uppeldis- og samstöðubætur með tengingu við félagaskipti milli landa eða félagaskipti íslenskra leikmanna sem eru að fara á milli félaga í útlöndum.
- Hvað ber að varast þegar uppeldisbætur koma til álita vegna leikmanna sem íslensk félög fá til sín.
- Að hverju þarf að gæta varðandi mögulegar samstöðubótakröfur vegna leikmanna sem eru aldir upp hjá íslenskum félögum.
- Umfjöllunin fyrst og fremst praktísk – ekki fræðileg.
- Uppeldis- og samstöðubætur hafa verið tilefni margra þræta milli félaga vegna félagaskipta leikmanna.

Hvað eru uppeldisbætur.

Uppeldisbætur skulu greiddar til uppeldisfélags (1) þegar leikmaður skrifar undir fyrsta atvinnumannasamning sinn og (2) í hvert skipti sem atvinnumaður skiptir um félag til loka þess almanaksárs sem hann á 23. ára afmæli. Skyldan til að greiða uppeldisbætur verður til hvort sem félagaskiptin eiga sér stað eftir samningslok eða meðan leikmaðurinn er samningsbundinn uppeldisfélaginu. Reglurnar um uppeldisbætur koma fram í viðauka 4 við:

Regulations on the Status and Transfer of Players (RSTP)

Uppeldisbætur geta numið háum fjárhæðum

Þjálfun og menntun leikmanns á sér stað á aldrinum milli 12 og 23 ára. Uppeldisbætur skulu greiddar, sem almenn regla, fram að 23 ára aldri.

Uppeldisbætur hafa í raun fyrst og fremst praktíska þýðingu fyrir íslensk félög þegar þau eru að fá erlenda leikmenn til sín.

Uppeldisbætur geta numið býsna háum fjárhæðum á okkar mælikvarða.

Afsal á uppeldisbótum

- regla frekar en undantekning.

Íslensk félög sem hyggjast semja við samningslausan leikmann 23 ára eða yngri getur haft samband við uppeldisfélag / uppeldisfélög hans og beðið það eða þau um að falla frá kröfum um greiðslu uppeldisbóta.

Leikmannavegabréf – Players passport = grundvallarskilríki.

Það þarf að gæta að því að hafa slíka samninga skýra.

Þeir þurfa að hafa að geyma skýra yfirlýsingu uppeldisfélagsins / félaganna um að þau afsali sér uppeldisbótum vegna leikmannsins.

Þarf að kanna hvert einasta félag sem leikmaðurinn hefur leikið með frá 12 ára aldri.

Ef félag er ekki lengur til þarf að leita til knattspyrnusambands eða sambanda uppeldisfélaganna.

Afsal á uppeldisbótum við sölu leikmanna úr íslenskum félögum til erlendra félaga.

Veit ekki um nein félagaskipti frá Íslandi þar sem greiddar hafa verið uppeldisbætur.

Erlend félög treg til að greiða uppeldisbætur fyrir íslenska leikmenn og vilja semja um lægri fjárhæð.

Leikmenn almennt seldir fyrir lægri fjárhæðir en sem nemur rétt reiknuðum uppeldisbótum.

Á móti kemur að íslensk félög semja yfirleitt um prósentu þeim til handa við áframsölu leikmannsins (sell-on clause).

Þannig getur það verið kostur að semja um lægri fjárhæð en uppeldisbæturnar þegar allt er lagt saman. Félagið fær félagaskiptagjaldið, sell-on ákvæði og svo mögulega samstöðubætur við síðari sölur leikmannsins.

Hvenær ber ekki að greiða uppeldisbætur – sérregla fyrir Evrópska efnahagssvæðið

Íslensk félög geta haft eftirfarandi í huga þegar þau fá erlenda leikmenn til sín sem eru 23 ára eða yngri.

Uppeldisbætur skal ekki greiða þegar:

1. hið erlenda félag segir samningi leikmannsins upp án réttmætrar ástæðu; eða
2. leikmaðurinn skiptir yfir í félag í 4. flokki. (category 4); eða
3. þegar atvinnumaður endurheimtir stöðu áhugamanns þegar hann skiptir um félag.

Sérregla innan EES: Uppeldisfélagið verður að sanna að það hafi viljað halda leikmanninum á uppeldistímanum, þ.e. það þarf að sýna fram á að það hafi viljað halda leikmanninum þegar hann yfirgaf félagið.

Ábyrgð á greiðslu uppeldsbóta – gjalddagi

Við skráningu sem atvinnumaður í fyrsta skipti, er félagið sem leikmaðurinn er skráður í ábyrgt fyrir greiðslu uppeldisbóta innan 30 daga frá skráningu til hvers uppeldisfélags (í samræmi við félagasögu leikmannsins eins og hún er skráð í vegabréf leikmannsins) og sem hefur stuðlað að þjálfun hans frá og með almanaksárinu sem leikmaðurinn varð 12 ára. Upphæðin sem greiða skal er reiknuð á pro rata grundvelli samkvæmt þjálfunartímabili því sem leikmaðurinn hefur átt hjá hverju félagi. Ef um er að ræða félagaskipti á atvinnumanni 23 ára eða yngri, eru uppeldisbætur einungis greiddar til fráfarandi félags leikmannsins.

Samstöðubætur

– hvað er ráðlegt fyrir íslensk félög að hafa í huga

Ef íslenskur atvinnumaður skiptir yfir í erlent félag áður en samningur hans rennur út, skulu öll félög sem hafa þjálfað hann eða menntað fá hluta af því gjaldi sem félagið sem selur leikmanninn fær vegna félagaskiptanna. (samstöðubætur). Ákvæðin um samstöðubætur koma fram í 5. viðauka við reglugerðina.

Samstöðubætur ber einnig að greiða vegna lánessamninga, þ.e. ef félagið sem fær leikmann að láni greiðir eitthvað fyrir að fá leikmanninn lánaðan.

Minna borgað fyrir þjálfunina frá 12 – 15 ára

Calendar year of 12th birthday: 5% (i.e. 0.25% of total compensation);

Calendar year of 13th birthday: 5% (i.e. 0.25% of total compensation);

Calendar year of 14th birthday: 5% (i.e. 0.25% of total compensation);

Calendar year of 15th birthday: 5% (i.e. 0.25% of total compensation);

Samtals 1% greitt fyrir þjálfunina þessi 4 ár.

Samtals 4% borgað fyrir þjálfun frá 16 til 23 ára aldurs.

Calendar year of 16th birthday: 10% (i.e. 0.5% of total compensation);

Calendar year of 17th birthday: 10% (i.e. 0.5% of total compensation);

Calendar year of 18th birthday: 10% (i.e. 0.5% of total compensation);

Calendar year of 19th birthday: 10% (i.e. 0.5% of total compensation);

Calendar year of 20th birthday: 10% (i.e. 0.5% of total compensation);

Calendar year of 21st birthday: 10% (i.e. 0.5% of total compensation);

Calendar year of 22nd birthday: 10% (i.e. 0.5% of total compensation);

Calendar year of 23rd birthday: 10% (i.e. 0.5% of total compensation)

Gæta að fyrningu – 2 ára regla.

Article 25 (procedural guidelines) section 5 in the FIFA Regulations on The Status And Transfer of Players states the following:

The relevant FIFA decision making body shall not hear any case subject to these regulations if more if more than two years have elapsed since the event giving rise to the dispute. Application of this time limit shall be examined *ex officio* in each individual case. (Ex officio – að eigin frumkvæði).

Tveggja ára fresturinn byrjar þó ekki að líða fyrr en 30 dögum eftir félagaskiptin. Gjaldlagi samstöðubóta er 30 dögum eftir félagaskiptin.

Hvernig á að rjúfa fyrningu?

Kröfur um samstöðubætur fyrnast þó félaginu sem ber skyldu til að inna samstöðubæturnar af hendi geri það ekki.

Fyrning verður aðeins rofin með því að gera kröfu til FIFA í gegnum Transfer Matching System (TMS) kerfi FIFA. Kröfunni verður að lýsa í TMS kerfinu.

Tölvupóstur, bréfaskipti þ.á m. kröfubréf rjúfa ekki fyrningu.

Hvernig á félag að lýsa kröfu ef það veit ekki hvernig á að reikna kröfuna út?

Risagalli við samstöðubótakerfið = erfiðleikar við að fá upplýsingar um fjárhæð kröfunnar.

Krafan er reiknuð út frá heildarfélagaskiptagjaldinu.

Ekki alltaf hægt að stóla á að upplýsingar frá félaginu sem keypti leikmanninn séu réttar.

Félagið sem keypti leikmanninn getur jafnvel þagað þunnu hljóði og ekki svarað íslensku uppeldisfélagi sem er að reyna að fá upplýsingar um rétt sinn til samstöðubóta.

Hvað er til ráða til að fá réttar upplýsingar um hvernig reikna eigi út samstöðubætur.

Gera kröfu um að fá afrit af samningnum milli félaganna um félagaskiptin.

Ef félagið sem keypti leikmanninn svarar engu eða vill ekki veita upplýsingar = mögulegt að snúa sér að félaginu sem seldi leikmanninn.

Hefur líka virkað að tilkynna að málið muni fara fyrir FIFA ef upplýsingarnar eru ekki veittar.

Fréttir í fjölmiðlum um söluverð leikmanna eru ekki alltaf áræðanlegar.

Félög reyna stundum að semja þannig að samstöðubætur lækki – setja annan leikmann „upp í“ og þannig verður söluverðið lægra.

Samstöðubótakröfuhafinn verður að beita öllum tiltækum ráðum til að fá réttar upplýsingar um það út frá hvaða fjárhæð hann á getur réttilega reiknað út hlutdeild sína í uppeldisbótum.

Ný regla um félagaskipti innan sama lands.

Hinn 1. júlí 2020 tók gildi ný regla um að samstöðubótakerfið gildir einnig í ákveðnum tilvikum vegna félagaskipta innan sama lands.

Áður gildi kerfið aðeins ef leikmaður var seldur milli landa.

Skilyrði hinnar nýju breytingar:

Leikmaður þarf að hafa verið alinn upp utan þess lands sem félagaskiptin eiga sér stað.

Félagaskipti Ögmundar Kristinssonar milli grísku félaganna AELarissa til Olympiacos skiluðu t.d. Knattspyrnufélaginu Fram samstöðubótum.

- Ögmundur alinn upp utan Grikklands (skilyrði uppfyllt).

Hefði reglan tekið gildi fyrr hefðu t.d. Víkingur og HK fengið samstöðubætur við sölu Kolbeins Sigþórssonar frá AZ til Ajax.

Það sama má segja um félagaskipti Jóns Daða Böðvarssonar frá Wolves til Reading og Reading til Millwall.

Nánari upplýsingar um regluverkið.

Á heimsíðu FIFA er aðgengilegt efni á ensku.

Regulations on the Status and Transfer of Players (RSTP)

Commentary on the Regulations on the Status and Transfer of Players

Ekkert til á íslensku – meistaraþrófsritgerð Birgis Ólafs Helgasonar laganema við Háskólann í Reykjavík væntanleg fyrir árslok.

KSI

Umræður



Formanna- og framkvæmdastjórafundur

Reglugerðabreytingar 2021

Kolbrún Arnardóttir

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

- **Leikmannaskiptingar í 2. og 3. aldursflokki**

- Að hámarki þrjár leikstöðvanir í síðari hálfleik.
- Framlenging:
 - Ein leikstöðvun til í framlengingu.
 - Einnig í hléi fyrir upphaf framlengingar og í hálfleik framlengingar.

[Dreifibréf nr. 2/2021](#)

- **Leikmannaskiptingar í efstu deildum & bikarkeppni**

- Ákvæði til bráðabirgða.
- Leikmannaskiptingum fjölgað.
 - Í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla og bikarkeppni KSÍ.
 - Fimm innáskiptingar í þremur leikstöðvunum.
 - Samhljóða ákvæðum í gildi á árinu 2020.

[Dreifibréf nr. 5/2021](#)

- **Úrslitakeppni í 5. aldursflokki**

- Breyting á fyrirkomulagi á úrslitakeppni í 5. aldursflokki.
 - Ekki lengur leikið í riðlum.

[Dreifibréf nr. 6/2021](#)

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

- **Bikarkeppni mfl. karla og kvenna**

- Tímasetning úrslitaleiks ekki lengur fest í reglugerð.
- KSÍ annast framkvæmd leiks í samráði við leikaðila (áður Mótanefnd KSÍ).

[Dreifibréf nr. 7/2021](#)

- **3. flokkur – keppni A-liða**

- Bráðabirgðaákvæði vegna keppnistímabilsins 2022. Tilraunaverkefni.
- Leikið í þremur lotum.
 - Lota 1 leikin frá mars til maí.
 - Lota 2 leikin frá maí til júlí.
 - Lota 3 leikin frá ágúst til september.

[Dreifibréf nr. 12/2021](#)

- **Útivalarmark í útsláttarkeppni**

- Regla um gildi útivalarmarks í útsláttarkeppni þegar leikið er heima og heiman afnumin.

[Dreifibréf nr. 12/2021](#)

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga o.fl.

- **Viðurlög vegna skulda á skráningargjöldum félagaskipta**

- Breyting gerð til að stemma stigu við að skuldir safnist upp vegna félagaskipta.
- Ef skuldir vegna ársins á undan hafa ekki verið greiddar upp að fullu þá getur framkvæmdastjóri KSÍ svipt viðkomandi félagi rétti til félagaskipta, þar til skuld hefur verið greidd að fullu.

[Dreifibréf nr. 1/2021](#)

- **Ákvæði um erlenda leikmenn vegna Brexit**

- Breyting á grein 22.1 (áður 17.1).
- Leikmenn með breskt ríkisfang sem hafa fengið útgefið keppnisleyfi með aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 haldi áunnum réttindum.
 - Teljast þannig ekki á meðal þeirra þriggja erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.

[Dreifibréf nr. 1/2021](#)

- **Nýtt rafrænt félagaskiptakerfi vegna félagaskipta innanlands**

- Nýr viðauki við reglugerðina.
- Í viðaukanum er að finna ákvæði sem gilda í tengslum við rafræna félagaskiptakerfið

[Dreifibréf nr. 6/2021](#)

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga o.fl.

- **Ákvæði um skuldbindingargildi samninga og samningsbrot félaga og leikmanna**

- Ný ákvæði í 15. – 18. gr.
- Meginreglur um skuldbindingargildi samninga, samningsbrot og afleiðingar þess – skyldubundið að taka upp skv. FIFA.
- Skuldbindingargildi leikmannssamninga
 - Endurskoðunarákvæði óheimil.
 - Ákvæði um heimild til uppsagnar óheimil nema gagnaðili hafi samsvarandi gagnkvæma heimild.
- Riftun á samningi vegna réttmætrar ástæðu (e. just cause)
 - Réttmæt ástæða fyrir hendi.
 - Ofbeldisfull eða verulega ámælisverð hegðun félags/leikmanns sem miðar að því að neyða gagnaðila til að rifta eða breyta skilmálum samnings.
 - Vanskil félags við leikmann sem nemur að lágmarki tvennum mánaðarlaunum, án lögmætrar ástæðu.
- Riftun á samningi vegna réttmætrar íþróttalegrar ástæðu (e. sporting just cause)
 - Leikmaður með stöðuga meistaraflokksreynslu sem hefur leikið samanlagt minna en 10% af keppnisleikjum sl. keppnistímabils.
 - Innan 15 daga eftir síðasta opinbera leik keppnistímabilsins.
 - Frekari skilyrði sem þarf að uppfylla / atriði sem tekið er tillit til við mat.
 - Réttmæti metið af hálfu samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ.
- Viðurlög sem leikmaður eða félag skal sæta ef samningi er rift án réttmætrar ástæðu (bætur og íþróttaleg viðurlög).

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga o.fl.

- **Ákvæði um sérstök réttindi kvenleikmanna – Fæðingarorlof o.fl.**
 - Ný ákvæði í 10. gr. og 19. gr.
 - Skyldbundin ákvæði skv. reglugerð FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna ([FIFA regulations on the status and transfer of players](#))
 - Réttur til fæðingarorlofs á samningstíma.
 - Ákvæði um heimild til uppsagnar samnings vegna þungunar, barneignar eða veru í fæðingarorlofi óheimil.
 - Riftun félags á samningi v/ þungunar, töku fæðingarorlofs eða nýtingar annarra réttinda, telst vera riftun án réttmætrar ástæðu, nema félag sýni fram á hið gagnstæða.
 - Viðurlög geta verið bætur og íþróttaleg viðurlög (félagaskiptabann).
 - Réttindi kvenleikmanns á meðgöngu – m.a. að sinna öðrum atvinnuskyldum fyrir félag.
 - Undantekningarákvæði vegna félagaskipta (10.4 & 10.5).
 - Til að fylla skarð samningsbundins kvenleikmanns í fæðingarorlofi.
 - Vegna ósamningsbundins kvenleikmanns sem er að hefja æfingar og keppni aftur í kjölfar fæðingarorlofs.

Leyfisreglugerð KSÍ

- **Grein 17 - Yngri lið**

- Meginreglan er sú að gerð er krafa um tiltekinn fjölda yngri liða hjá leyfisumsækjanda.
- Óskýrleiki í undanþáguákvæði olli óvissu um hvaða undanþágur mætti heimila og hvenær.
- Úrbætur á 2. mgr. sem taka mið af leyfisreglugerð UEFA.
- Skýrari reglur í 3. mgr. fyrir leyfisumsækjanda í 1. deild karla sem sækir um undanþágu frá meginreglunni:
 - Umsækjanda ómögulegt að starfrækja barna- og unglíngalið vegna fámennis í byggðarlagi.
 - „Skástrikslið“ – sameiginleg yngri lið í samstarfi við annað aðildarfélag innan leyfiskerfisins.
 - Umsækjandi sem starfrækir ekki barna- og unglíngalið af öðrum ástæðum.
 - Tengsl við aðildarfélag með samstarfssamningi um fjárhagslegan og/eða tæknilegan stuðning til uppbyggingar barna- og unglíngaliða þess aðildarfélags.

[Dreifibréf nr. 10/2021](#)

Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál

- **Ýmsar breytingar og lagfæringar gerðar á reglugerðinni**
 - Hæfi nefndarmanna.
 - Aðild að kærumálum.
 - Lögð áhersla á að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns sé það gagn sem skuli lagt til grundvallar niðurstöðu í agamálum.
 - Úrskurðir nefndarinnar í agamálum taki gildi kl. 12 á hádegi næsta dag frá birtingu þeirra nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða.
 - Kveðið á um heimild til formanns aga- og úrskurðarnefndar að leiðrétta úrskurð ef um augljós mistök er að ræða. Í öðrum tilvikum skal aga- og úrskurðarnefnd halda aukafund og leiðrétta úrskurð eða kveða upp nýjan.
 - Gerðar breytingar á sektarheimildum.
 - Kveðið á um heimild fyrir áfrýjunardómstól KSÍ að heimila áfrýjun úrskurða í agamálum, sem almennt væri ekki hægt að áfrýja, í undantekningartilvikum og ef dómstóllinn telur sérstakar ástæður fyrir hendi.

[Dreifibréf nr. 4/2021](#)

Reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ

- Efnislega sömu breytingar og gerðar voru samhliða á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál

Dreifibréf nr. 4/2021

Aðrar reglugerðir:

Deildarbikarkeppni karla og kvenna

- Breyting á mótafyrirkomulagi.
 - 8 lið í úrslitum A deildar karla í stað 4 liða áður.
 - 12 lið í A deild kvenna í stað 6 liða áður.
 - 8 lið í B deild kvenna í stað 6 liða áður.

[Dreifibréf nr. 1](#)

Ferðapáttökugjald

- Útreikningur á ferðakostnaði.
 - Kílómetragjald ákveðið kr. 225,- árið 2021.
 - Nettókostnaður á hvert félag kr. 95.000,-.
- Ferðapáttökugjald ekki innheimt á árinu 2021.

[Dreifibréf nr. 2](#)

Landsliðs – og heiðursviðurkenningar

- Heildarendurskoðun á eldri reglugerð.
- Ný reglugerð sett af hálfu stjórnar KSÍ.

[Dreifibréf nr. 2](#)

Aðrar reglugerðir:

Aðgönguskírteini

- Ákvæði til bráðabirgða.
- Aðgönguskírteini ekki gild nema fjöldatakmarkanir miði við 500 manns eða fl.

[Dreifibréf nr. 2](#)

Viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna Covid-19.

- Ný reglugerð KSÍ um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónaveiru.
- Reglugerðin er að mestu samhljóða þeirri reglugerð sem var í gildi vegna keppnistímabilsins 2020.

[Dreifibréf nr. 3](#)



Takk fyrir

KSI

Umræður



Formanna- og framkvæmdastjórafundur

Önnur mál



Formanna- og framkvæmdastjórafundur

Fundi slitið